

Mánudagur, 16. mars kl 8:30

Gimli, Lækjargötu

Mættir á fundinn: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs, Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands), Hannes Sigurðsson, (Listfræðifélag Íslands), Hlynur Helgason, (SÍM), Auður Jörundsdóttir, (framkvæmdastjóri KÍM) og Klara Þórhallsdóttir (verkefnastjóri KÍM) ritar fundargerð. Fjarverandi er Guðrún Erla Geirsdóttir, (SÍM) .

Dagskrá:

1. Nýr starfsmaður Myndlistarráðs kynntur

Klara Þórhallsdóttir tekur við af Heru Guðmundsdóttir frá og með 1. maí

2. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykkis

Í fjarveru Guðrúnar Erlu Geirsdóttur verður fundargerðin lögð til samþykktar á næsta fundi.

3. Myndlistarsjóður: Fyrri úthlutun 2020

Matsnefndir hafa lokið störfum sínum og eru tillögur þeirra að úthlutunum lagðar fram til samþykktar.

Fulltrúar myndlistarráðs (Dagný Heiðdal og Hannes Sigurðsson) í matsnefndum kynna niðurstöður nefndanna og fara efnislega yfir þau verkefni sem mælst er til að hljóti styrk úr sjóðnum í fyrri úthlutun ársins.

Heildarupphæðir milli flokka héldu og styrki hlutu 4 verkefni í flokknum Aðrir styrkir, 7 verkefni hlutu undirbúningsstyrk, 11 verkefni styrk til útgáfu, 21 styrkir fóru til minni sýningarverkefna og 22 til stærri sýningarverkefna. Samþykktar heildarupphæðir eru svo hljóðandi:

Aðrir styrkir:	1.000.000 kr.
Minni sýningarverkefni:	3.650.000 kr.
Stærri sýningarverkefni:	12.150.000 kr.
Undirbúningsstyrkir:	1.600.000 kr.
Útgáfu- og rannsóknarstyrkir:	4.600.000 kr.

Öll vinna hjá matsnefndum gekk vel og margar góðar umsóknir. Önnur matsnefnd fór yfir umsóknir í flokki rannsókna og útgáfustyrkja. Í flokki sýningarverkefna þótti matsnefnd verkefnin fjölbreytt, þá bar einnig á góðri dreifingu yfir landið en einnig grasrótar- og sýningarverkefni í alþjóðlegu umhverfi. Í flokki stærri styrkja hlaut Myndhöggvarafélagið hæsta styrkinn 1.500.000 kr. fyrir sýningarverkefnið Hjólið III (45-50 ára afmælisýning) og í flokki útgáfustyrkja hlaut Katrín Sigurðardóttir hæsta styrkinn 2.000.000 kr. fyrir útgáfu bókar.

Myndlistarráð samþykkir niðurstöður matsnefnda einróma. Svarbréf og fréttatilkynning verða send út 20 mars.

Eins og áður þá var bent á að margar góðar og metnaðarfullar umsóknir en ekki sé nægt fé í sjóðnum til að styrkja öll þau verkefni að fullu.

Varðandi umsóknir, þá eru enn margar umsóknir er berast ekki fullnægjandi og upp kom sú hugmynd að Kynningarmiðstöðin myndi bjóða upp á aðstoð við umsóknargerð. Umsóknarformið mun einnig taka breytingum fyrir næstu úthlutun og gott að bjóða upp á aðstoð fyrir umsækjendur í tengslum við þær breytingar.

Rætt var um að skoða umsóknarkerfið og heimasíðu, hvernig umsóknirnar raðast inn í kerfið en gott væri að hafa í stafrófsröð sem myndi auðvelda vinnu matsnefnda.

Einnig var rætt um að hafa í huga að fólk í matsnefndum sé af ólíkum kynslóðum eða aldri, svið innan myndlistars til að fá breidd í ákvarðanatöku.

Í ljósi aðstæðna í heiminu vegna veirufaraldsins (COVID-19) vill mennta- og menningarmálaráðuneytið sýna sveigjanleika ef verkefni ganga ekki fram. Þá mun sjóðurinn koma til móts við styrkhafa og þeir beðnir að setja sig í samband við Kynningarmiðstöðina.

4. Fjármál 2020

Farið yfir ársskýrslu 2019 og áætlun fyrir 2020 skoðuð.

Rætt var um samning Myndlistarráðs við Kynningarmiðstöðina og hvað sá samningur felir í sér og hvernig umsýsla KÍM sé háttað fyrir myndlistarráð.

Samningur Kynningarmiðstöðvar við Myndlistarsjóð felur í sér þjónustu við ráðið með verkefnastjóra í 40% stöðu og 10% starfshlutfall framkvæmdarstjóra KÍM auk skrifstofu og fundakostnað 1% af árlegu fjármagni sjóðsins. Miðað við núgildandi kjarasamninga þyrfti framlag Myndlistarsjóðs að hækka, auk þess hefur umsýsla við umsóknir orðið umsvifameiri vegna vaxandi umsóknafjölda.

Auður leggur fyrir nýja kostnaðaráætlun sem ráðið mun skoða og fjalla um á næsta fundi til samþykktar. Auður mun einnig senda ráðinu núverandi samning til hliðsjónar sem gerður var 2019 milli Myndlistarsjóðs og KÍM.

Ut anum hald á fundartímum rætt. Samkvæmt starfssamningi heldur KÍM utan um fundarsetu allra fulltrúa myndlistarráðs. Greitt er fyrir fundarsetur ársþriðjungslega og fulltrúar sendi inn reikning fyrir fundarsetu. KÍM tekur einnig við reikningum frá matsnefndum og upplýsir alla sem vinna nefndarstörf hvernig þeir reikan út sína vinnu, sem er greidd samkvæmt taxta Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

5. Önnur mál

Ráðið óskar eftir að KÍM sendi upplýsingar um hvernig greiðsla vegna fundarsetu er háttað.

Breytt fyrirkomulag hjá mmr en allir reikningar þurfa að vera rafrænir sem sendir eru til ráðuneytis það eru nýjar reglur hjá ráðuneytinu.

Fundargerðir þurfa að birtast á heimasíðunni samkv. lögum og úr því þarf að bæta.

Ný Myndlistarstefna í vinnslu.

Næsti fundur 20. apríl – Klara sendir áminningu í dagatal

Fundi slitið kl. 10:00

Næsti fundur settur fimmtudaginn 20. apríl kl. 8:30.